

Auglýsing

Nr. 11
29. júní.

um

Stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegneglum tillögum dóms- og kirkjumáladeildar stjórnarráðsins hefur Hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi

Stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt 14. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 1918 og nefnist Sáttmálasjóður Háskólans.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að efla andlegt samband Danmerkur og Íslands, svo sem með því að styðja útgáfu visindarita, er varða bæði ríkin, og fræðirita um hvort landið um sig, veita styrk til fyrirlestrahalds um annað landið í hinu, til að snúa íslenskum ritum á dönsku og dönskum á íslensku, að styrkja danska stúdenta til náms í íslenskum fræðum fornum og nýjum við Háskóla Íslands, styðja íslenska menn til vísindaiðkana í Danmörku o. s frv.
2. Að styðja íslenska visindastarfsemi, svo sem frumlegar visindarannsóknir, útgáfur visindarita, veita styrk til safna og rannsóknarstofa, til bókakaupa Háskólans og útgáfu kenslubóka handa honum, til verðlauna fyrir visindarit og til utanfarar háskólakennara í vísindalegu augnamiði.
3. Að styrkja íslenska námsmenn.

3. gr.

Háskólaráðið stjórnar sjóðnum.

4. gr.

Sjóðinn skal geyma í íslenskum rikisskuldabréfum, veðdeildarbréfum Landsbankans eða á annan jafntryggan og arðbæran hátt, en það fje, sem þarf að vera handbært og smáupphæðir, í sparisjóði Landsbankans.

Nr. 11
29. júní.

5. gr.

Til aukningar innstæðu sjóðsins skal verja að minsta kosti 20% árs-
vaxtanna.

Ágóði af hagræðingu innstæðunnar, svo sem ágóði af nafnsverðs- og
gengismun, skal lagður við innstæðuna.

Ennfremur legst við innstæðuna það, sem afgangur kann að verða ár hvert
samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Gera skal sundurliðaða áætlun um tekjur sjóðsins og gjöld fyrirfram um
hver áramót. Skal þar ákveðið, hve miklu fje megi verja á árinu til hvers þeirra
atriða, er í 1.—3. tölulið 2. gr. segir. Eigi má greiða á neinum lið áætlunar meira
en þar er mælt, nje heldur má greiða frá einum lið til annars, þótt afgangur verði.

7. gr.

Áætlun samkvæmt 6. gr. skal auglýsa í Háskólanum. Þeir sem æskja
styrks úr sjóðnum það ár, skulu senda umsóknir sínar til Háskólaráðs fyrir 1.
maí. Háskólaráðið athugar síðan umsóknirnar og ákveður hverjar þeirra skuli
teknar til greina og að hverju leyti. Áætlunin skal og birt í Árbók Háskólans
og auk þess skýrsla um það, hverir hafi fengið styrk úr sjóðnum það ár.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ritari Háskólans hefir á hendi
reikningshald sjóðsins, tekur við greiðslum í hann og annast um greiðslur úr hon-
um eftir fyrirmælum rektors, og skal skilagrein gerð á sama tíma sem annara
sjóða Háskólans. Reikninginn lætur Háskólaráð endurskoða á sama hátt sem
reikning Háskólans, enda skal hann birtur í Árbók Háskólans. Háskólaráðið á-
kveður hverja tryggingu ritara beri að setja fyrir meðferð fjáris, þóknun til
handa ritara fyrir starf hans í þarfar sjóðsins, svo og hvernig reikningshaldinu
skuli hagað.

9. gr.

Háskólaráðið kveður á um það, hvort vextir þeir, er til kynnu að falla
á fyrsta starfsári sjóðsins, skuli lagðir við innstæðuna eða þeim varið samkvæmt
ákvæðum þessarar stofnskrár. Og ræður Háskólaráð þá jafnframt, hvenær áætl-
un verður gerð (sbr. 6. gr.) og hvenær umsóknir skuli vera komnar (sbr. 7. gr.).

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

I dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 29. júní 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.